



## Umsóknareyðublað um fjárveitingu til lista- og menningarmála frá menningarmálanefnd Mosfellsbæjar 2013

### Nafn umsækjanda, kennitala og netfang

Nafn:

Kennitala:

Netfang:

### 1) Fjárveiting til almennrar liststarfsemi.

Í reglum um fjárveitingar til lista- og menningarmála kemur fram að fjárveitingar skulu veittar „einstaklingum, félagasamtökum og listhópum sem sannað hafa gildi sitt í mosfellsku menningarlífi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns, án þess þó að styrkir séu tengdir ákveðnu verkefni.“

Vinsamlega sýnið fram á ofangreint með því að greina frá starfsemi félagasamtaka eða listahóps:

---

---

---

---

---

---

---

Vinsamlega leggið fram starfsáætlun, ársreikning síðasta árs, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs fyrir félagasamtök eða listahóp, sem og aðrar fjármögnunarleiðir vegna starfs hóps eða félags (hér má einnig upplýsa um fylgigögn sem fylgja umsókninni sem rafræn viðhengi):

---

---

---

---

---

---

---

**2) Fjárframlag til verkefnis eða viðburðar**

**Heiti og tímasetning:**

---

---

**Nákvæm skilgreining á verkinu og verkáætlun:**

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

**Frekari upplýsingar um umsækjenda:**

---

---

---

---

**Sundurliðaður kostnaður við verkefnið (kostnaðar- og tekjuáætlun):**

---

---

---

---

---

---

---

---

**Aðrir styrkir og fjárframlög sem umsækjandi hefur hlotið frá Mosfellsbæ og/eða öðrum aðilum. Aðrir fjárhagslegir bakhjarlar:**

---

---

---

---

**Staðfesting á leyfi, ef þurfa þykir, til framkvæmdar verks, sbr. 5. gr. hjálagðra reglna:**

---

---

---

---

---

**3) Atriði sem varðar bæði umsókn nr. 1) og umsókn nr. 2).**

**Framlögð gögn með umsókninni.**

*(Félagasamtök skulu gera grein fyrir starfsemi sinni, t.a.m. með ársskýrslu eða sambærilegri greinargerð og einstaklingar skulu leggja fram ferilsskrá. Hér skal einnig geta annarra fylgigagna með umsókn, sbr. 4. grein hjálagðra reglna).*

---

---

---

---

---

---

---

---

**Greiðslur:**

*(Hér þurfa að koma fram óskir um hvenær óskað er eftir greiðslu vegna verkefnisins, sem fer að öllu jöfnu fram að afloknu verkefni. Greiðslur eru inntar af hendi gegn framvísun reiknings. Ef óskað er eftir greiðslum fyrr, þurfa þær óskir ásamt rökstuðningi að koma fram hér og mun menningarmálanefnd taka afstöðu til þess við afgreiðslu á umsókninni. Hér er einnig vakin athygli umsækjanda á 10. gr. hjálagðra reglna.)*

---

---

---

---

---

**Dagsetning skilagreinar til menningarmálanefndar:**

*(Við afgreiðslu fjárframlags skuldbindur styrkþegi sig til að skila greinargerð á sérstöku eyðublaði að loknu verki, sbr. 8. gr. hjálagðra reglna. Þess utan ber styrkþega að veita Menningarmálanefnd upplýsingar um framkvæmd verkefnis, ef eftir því verður leitað. Vakinn er athygli umsækjanda á 10. gr.)*

---

---

---

---

**Undirskrift einstaklings eða fulltrúa félags:** \_\_\_\_\_

**Nafn:** \_\_\_\_\_

**Kennitala:** \_\_\_\_\_

**Heimilisfang:** \_\_\_\_\_

**Sími:** \_\_\_\_\_

**Netfang:** \_\_\_\_\_

**Kennitala verkefnis/félagasamtaka:** \_\_\_\_\_

**Bankanúmer/ reikningsnúmer:** \_\_\_\_\_

Hjálagt fylgja reglur vegna úthlutunar framlaga menningarmálanefndar Mosfellsbæjar til lista- og menningarmála.



## Úthlutunarreglur menningarmálanefndar Mosfellsbæjar vegna fjárframlaga til lista- og menningarmála

1. gr.

Tilgangur árlegrar veitingu fjárframlaga til menningarmála er að efla menningarstarfsemi í Mosfellsbæ.

2. gr.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök eða stofnanir, innan sem utan Mosfellsbæjar.

3. gr.

Hægt er að sækja um fjárframlög til almennrar listastarfsemi og/eða um fjárframlög vegna viðburða eða verkefna í Mosfellsbæ.

- **Fjárframlög til almennrar listastarfsemi** skulu veitt einstaklingum, listhópum og félagasamtökum sem sannað hafa gildi sitt í mosfellsku menningarlífi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns, án þess þó að styrkir séu tengdir ákveðnu verkefni.
  - Í umsókn skal greina frá starfi, leggja fram starfsáætlun næsta árs, birta fjárhagsáætlun og ársreikning og upplýsa um aðrar fjármögnunarleiðir vegna árlegrar starfsemi.
- **Fjárframlög vegna viðburða- eða verkefna** skulu veitt einstaklingum, fyrirtækjum, hópum og stofnunum sem geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi einstakra tilgreindra verkefna á sviði menningar og lista í eða fyrir Mosfellsbæ. Fjárframlög vegna **viðburða- og verkefna** verða ekki veitt til viðburða og verkefna sem eru á vegum sveitarfélagsins eða fá framlög af fjárhagsáætlun þess. **Viðburða- og verkefnaframlög** er ekki hægt að sækja um eftir að verkefni eða viðburði er lokið.
  - Í umsókn skal sýnt fram á getu til að hrinda verkefni eða viðburði í framkvæmd á starfsárinu og leggja fram skýra fjárhagsáætlun þar sem tilgreindar eru fjármögnunarleiðir.

4. gr.

Umsóknir um fjárframlög skulu vera á eyðublöðum frá menningarmálanefnd og skulu eyðublöðin vera aðgengileg á heimasíðu Mosfellsbæjar. Umsóknir á umsóknareyðublöðum skal senda rafrænt í gegnum heimasíðu Mosfellsbæjar eða í samræmi við upplýsingar þar um. Umsóknir sem jafnframt eru sendar í pósti eða fylgigögn (rafræn) sem getið er um í umsókn, en sendast eingöngu í pósti, þurfa að vera póststimplaðar eigi síðar en síðasta umsóknardag.

Rafræn fylgigögn má einnig senda á Þjónustuver Mosfellsbæjar, í gegnum netfangið [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) merkt heiti verkefnis og nafni umsækjenda.

Með umsókninni skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu með verkáætlun og tímasetningum, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur.

5. gr.

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.

6. gr.

Nefndin áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna umsókn umsækjanda að hluta eða alfarið, ef ekki er færi á öðru að mati nefndar. Afgreiðsla nefndarinnar er trúnaðarmál.

7. gr.

Umsækjandi skal við auglýsingu á verkefni eða viðburði geta þess að Mosfellsbær er stuðningsaðili við verkið. Mosfellsbæ skal berast umsögn um verkefnið til birtingar á heimasíðu Mosfellsbæjar áður en af viðburði verður.

8. gr.

Greiðslur fyrir verkefni eða viðburð fara að öllu jöfnu fram að afloknu verki. Greiðslur eru inntar af hendi gegn framvísun reiknings. Umsækjandi getur óskað eftir greiðslum fyrr og þurfa þær óskir og röksemdir fyrir þeim að koma fram á umsóknareyðublaðinu og mun menningarmálanefnd taka afstöðu til þess við afgreiðslu á umsókninni.

9. gr.

Umsækjandi skal útfylla skilagrein eða lokaskýrslu sem felur í sér lýsingu á framkvæmd og árangri verkefnisins og yfirlit um kostnað. Eins ber að veita menningarmálanefnd upplýsingar um framkvæmd verkefnisins og skila áfangaskýrslu ef eftir því er leitað. Umsækjandi skal skila skriflegri lýsingu (lokaskýrslu) á framkvæmd og árangri verkefnisins fyrir 31. desember.

10. gr.

Útborgun fjárframlaga er háð skilum á lokaskýrslu og ef ekkert verður af verkefni eða verulegar breytingar verða á því eru styrkir afturkræfir. Miðað er við að styrkir séu greiddir út innan árs frá úthlutunardegi, en að öðrum kosti mega styrkþegar gera ráð fyrir að styrkir falli niður, nema um annað hafi verið samið.

Samþykkt á 172. fundi menningarmálanefndar 28. janúar 2013.

**Framkvæmd úthlutunar.**

1. Menningarmálanefnd auglýsir eftir umsóknum með a.m.k. mánaðar fyrirvara í upphafi árs, bæði í staðarblaði, á heimasíðu og kynnir Bandalagi íslenskra listamanna auglýstan umsóknartíma.
2. Umsóknum skal skilað í síðasta lagi þann 7. mars ár hvert á sérstökum umsóknareyðublaðum sem hægt er að sækja á heimasíðu Mosfellsbæjar.
3. Niðurstöður menningarmálanefndar Mosfellsbæjar munu liggja fyrir í apríl ár hvert og eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

**Atriði sem þurfa að koma fram á umsóknareyðublaði:**

- a) *Heiti verkefnis og tímasetning.*
- b) *Nákvæm skilgreining á verkefninu.*
- c) *Kostnaður við verkefnið og upphæð sem sótt er um.*
- d) *Aðrir styrkir og fjárframlög sem umsækjandi hefur hlotið frá Mosfellsbæ og/eða öðrum aðilum vegna verkefnisins.*
- e) *Styrkir og fjárframlög sem umsækjandi hefur hlotið frá Mosfellsbæ á undanförunum 5 árum.*
- f) *Félagasamtök skulu gera grein fyrir starfsemi sinni, t.a.m. með ársskýrslu eða sambærilegri greinargerð og einstaklingar skulu leggja fram ferilskrá.*
- g) *Félagasamtök, sem sækja um fjárframlög, skulu gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu sinni með því að leggja fram ársreikning.*
- h) *Við afgreiðslu fjárframlags skuldbindur styrkþegi sig til að skila greinargerð á sérstöku eyðublaði að loknu verki.*